



Umboðsmaður barna
Hverfisgötu 4-6
101 Reykjavík

Dagsetning 12.1.2026
Málsnúmer FOR25100033

Svar forsætisráðuneytis við beiðni umboðsmanns barna um rannsókn á afdrifum barna sem vistuð hafa verið á vegum ríkisins í úrræðum skv. 79. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002

1. Erindi umboðsmanns barna og málsmeðferð forsætisráðuneytis

Vísað er til erindis umboðsmanns barna til forsætisráðherra, dags. 7. október 2025, þar sem óskað er eftir að framkvæmd verði sérstök rannsókn á afdrifum barna sem vistuð hafa verið á vegum ríkisins í úrræðum skv. 79. gr. barnaverndarlaga.

Í bréfinu er vísað til þess að í ársskýrslu umboðsmanns barna, sem kynnt var forsætisráðherra þann 26. ágúst sl. komi fram að þrátt fyrir aukna áherslu stjórnvalda á málefni barna á umliðnum árum, hafi staða barna sem þurfa á meðferðarúrræðum að halda versnað umtalsvert. Umboðsmaður barna hafi ítrekað lýst yfir þungum áhyggjum af því langvarandi úrræðaleysi sem ríkt hafi í málaflokknum og þeim afleiðingum sem það kunni að hafa í för með sér fyrir þennan hóp barna síðar meir. Þá hafi umboðsmaður barna vísað til þeirra skyldna sem á íslenska ríkinu hvíla samkvæmt Barnasáttmálanum, sbr. lög nr. 19/2013, einkum rétt barna til lífs og þroska skv. 6. gr. sáttmálans. Umboðsmaður telji ljóst að Ísland hafi ekki að fullu staðið við skuldbindingar sínar gagnvart þessum hópi barna vegna laskaðrar stöðu meðferðarkerfisins.

Fram kemur í bréfinu að umboðsmaður telji mikilvægt að lagt verði sérstakt mat á það hvort meðferðarkerfið skili tilætluðum árangri og hvort veitt sé þjónusta sem raunverulega gagnast þeim skjólstæðingum sem þjónustuna þiggja. Þá er bent á að einn mælikvarði á gæði slíkrar þjónustu sé að lagt sé mat á hvernig börnunum reiðir af og vegnar á lífsleiðinni. Í því samhengi nefnir umboðsmaður að bent hafi verið á að óæskileg blöndun barna í meðferð hafi verið viðvarandi vandamál til lengri tíma og haft í för með sér skaðlegar afleiðingar fyrir líf og heilsu skjólstæðinga. Þá hafi einnig komið fram margvíslegar vísbendingar um að þessi hópur standi höllum fæti í samfélaginu á ýmsum sviðum, eftir 18 ára aldur. Er því að mati umboðsmanns rík ástæða til að rannsaka sérstaklega afdrif barna sem vistuð hafa verið í áður nefndum úrræðum frá því að ríkið tók við rekstri þeirra samhliða því að Barnaverndarstofa var sett á fót árið 1996. Fram kemur að embættið telji tilefni m.a. til að rannsaka sérstaklega dánartíðni, atvinnupátttöku, menntun, húsnæðisstöðu, örorku, afplánun dóma og geðheilbrigði.

Umboðsmaður bendir á að sambærilegar rannsóknir hafi verið framkvæmdar, t.d. með rannsókn á starfsemi vöggustofa í Reykjavík, sbr. lög nr. 45/2022, þar sem sérstaklega voru skoðuð afdrif þeirra barna sem vistuð voru á vöggustofum, sem og rannsókn um afdrif uppkominna fósturbarna sem unnin var að beiðni mennta- og barnamálaráðuneytisins.

Í bréfinu segir að umboðsmaður barna vonist til þess að forsætisráðherra veiti rannsókninni stuðning sinn svo unnt sé að ráðast í framkvæmd hennar. Lýsir embættið sig reiðubúið til samtals og samvinnu um afmörkun og skipulagningu slíkrar greiningar.

Forsætisráðuneytið fundaði með umboðsmanni barna um tillöguna og stöðuna í málaflokknum þann 15. október og 24. nóvember 2025.

2. Afstaða forsætisráðuneytis

Undanfarið hefur komið fram gagnrýni á þjónustu meðferðarheimila fyrir börn sem rekin eru á vegum ríkisins. Í fréttum hafa jafnframt birst frásagnir af ungu fólki sem hefur látið lífið sökum vímuefnavanda og frá foreldrum sem telja stjórnvöld ekki hafa veitt nauðsynlegan stuðning. Meðal þess sem komið hefur fram er að skortur sé á snemmtækum stuðningi við börn og ungmenni sem glíma við vímuefnavanda og fjölskyldur þeirra, þörf sé á fjölbreyttari meðferðarúrræðum og að leggja þurfi áherslu á endurhæfingu barna og ungmenna að lokinni meðferð. Þessi gagnrýni er tekin alvarlega.

Í erindi umboðsmanns barna kemur fram að mikilvægt sé að lagt sé sérstakt mat á það hvort meðferðarkerfið skili tilætluðum árangri og hvort veitt sé þjónusta sem raunverulega gagnast þeim skjólstæðingum sem þjónustuna þiggja. Forsætisráðuneytið tekur undir þessi sjónarmið umboðsmanns barna og telur að slíkt mat eigi að fara fram með reglubundnum hætti, ásamt því að tryggð sé eftirfylgni í tiltekinn tíma. Samkvæmt upplýsingum frá mennta- og barnamálaráðuneyti hóf Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála árið 2024 frumkvæðisathugun og úttekt á gæðum meðferðarúrræða á vegum ríkisins. Einn liður úttektarinnar var viðtalsrannsókn til að kanna líðan þeirra barna sem dvöldu á umræddum meðferðastofnunum þegar úttektin var gerð. Gert er ráð fyrir að mennta- og barnamálaráðuneytið og Barna- og fjölskyldustofa fái úttektina til umsagnar í janúar 2026 og að niðurstöður hennar verði birtar í síðasta lagi í febrúar. Samkvæmt upplýsingum frá Gæða- og eftirlitsstofnun mun stofnunin setja fram ábendingar til úrbóta á grundvelli úttektarinnar, þ.m.t. um gerð gæðaviðmiða um árangur af starfsemi meðferðarúrræðanna.

Samkvæmt upplýsingum frá mennta- og barnamálaráðuneytinu mun nýtt langtíma meðferðarheimili fyrir drengi í Gunnarsholti hefja starfsemi í byrjun árs 2026 og hafa fjárframlög til uppbyggingar annars meðferðarheimilis á höfuðborgarsvæðinu verið samþykkt í fjárlögum fyrir árið 2026. Þá hefur verið tryggt fjármagn til endurbóta og uppbyggingar á Stuðlum en þar hafa verið innleiddar auknar öryggisráðstafanir. Mun opnun heimilisins í Gunnarsholti styrkja meðferðarkerfi Barna- og fjölskyldustofu og skapa skýrar forsendur fyrir því að hefja nauðsynlegar endurbætur á Stuðlum.

Forsætisráðherra skipaði þann 29. desember 2025 starfshóp um málefni barna með vímuefnavanda og er skipunarbréf hópsins fylgiskjal með bréfi þessu. Starfshópurinn er skipaður samkvæmt ákvörðun forsætisráðherra, félags- og húsnæðismálaráðherra, heilbrigðisráðherra og mennta- og barnamálaráðherra og hefur hann þegar hafið störf. Meginhlutverk starfshópsins er að fjalla um hvernig efla megi samhæfingu á málefnasviðum stjórnvalda sem tengjast veitingu og framkvæmd þjónustu við þennan hóp barna og móta heildstæðar tillögur um aðgerðir og úrræði fyrir börn með vímuefnavanda, með áherslu á börn með flókinn samsettan vanda sem hafa þörf á sérhæfðri þjónustu,

bæði annars og þriðja stigs þjónustu. Starfshópurinn skal skila tillögugerð sinni eigi síðar en 1. febrúar 2026. Hann mun eftir þörfum funda með fulltrúum annarra ráðuneyta, stofnana, sveitarfélaga og hagaðila og hafa hagsmuni barna að leiðarljósi í störfum sínum.

Frumvarp til nýrra barnaverndarlaga verður lagt fram á Alþingi á komandi vorþingi og gert er ráð fyrir gildistöku þeirra 1. janúar 2027. Brýnt er að ný barnaverndarlög skýri tengsl heilbrigðiskerfisins við meðferðarúrræði ríkisins sem rekin eru á vegum barnaverndaryfirvalda. Það er mat heilbrigðisráðuneytisins að í núverandi löggjöf séu þessi tengsl óskýr og hefur ráðuneytið m.a. vakið athygli umboðsmanns Alþingis á lagalegri óvissu í tengslum við OPCAT eftirlit hans með starfsemi neyðarvistunar Stuðla. Heilbrigðisráðuneytið hefur síðastliðna mánuði undirbúið, í samvinnu við mennta- og barnamálaráðuneytið, Barna- og fjölskyldustofu og Landspítala, skipulag og framkvæmd heilbrigðisþjónustu á meðan neyðarvistun stendur. Sú vinna felur í sér töluverðar breytingar á aðkomu heilbrigðiskerfisins að þjónustu við börn innan barnaverndarkerfisins. Í þeirri vinnu hefur komið fram af hálfu framangreindra aðila að fyrirhugað sé einnig að taka til skoðunar og bæta samþættan þjónustuferil barna í öðrum úrræðum en á neyðarvistun.

Frumvarp mennta- og barnamálaráðherra til nýrra barnaverndarlaga var kynnt í samráðsgátt þann 13. nóvember 2025. Það var mat heilbrigðisráðuneytisins og þjónustuveitenda heilbrigðisþjónustu, þá sérstaklega Landspítala, að ekki hafi gefist nægur tími til þess að rýna þau ákvæði frumvarpsins sem fjalla um heilbrigðisþjónustu innan tímaramma mennta- og barnamálaráðuneytisins sem gerði ráð fyrir að ráðherra mælti fyrir frumvarpinu í desember síðastliðnum. Því hefur verið ákveðið að fulltrúi heilbrigðisráðuneytisins í starfshópnum leiði vinnuhóp heilbrigðisþjónustu með fulltrúum Landspítala og öðrum fagaðilum sem rýni drög frumvarpsins með það fyrir augum að greina lagalega aðkomu heilbrigðiskerfisins að þjónustu við börn innan barnaverndarkerfisins og setji fram tillögur að útfærslu viðeigandi ákvæða fyrir 15. janúar 2026.

Í erindi umboðsmanns barna er lagt til að gerð verði rannsókn á afdrifum barna sem vistuð hafa verið í úrræðum skv. 79. gr. barnaverndarlaga frá því að ríkið tók við rekstri þeirra samhliða því að Barnaverndarstofa var sett á fót árið 1996. Fram kemur að embættið telji tilefni m.a. til að rannsaka sérstaklega dánartíðni, atvinnuþátttöku, menntun, húsnæðisstöðu, örorku, afplánun dóma og geðheilbrigði. Sú rannsókn sem umboðsmaður barna leggur til er umfangsmikil og markmið slíkrar rannsóknar er samkvæmt erindinu að leggja mat á gæði veittrar þjónustu.

Eins og fram hefur komið hóf Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála árið 2024 frumkvæðisathugun og úttekt á gæðum meðferðarúrræða á vegum ríkisins árið 2024 og er gert ráð fyrir að niðurstaða hennar liggi fyrir síðasta lagi í febrúar 2026. Þá stendur yfir greiningarvinna sem lýtur að stuðningi og meðferðarúrræðum fyrir börn og ungmenni, þ. á m. á lagaumhverfi. Þrátt fyrir að mikilvægt kunni að vera að greina stuðning stjórnvalda við börn og ungmenni í vímuefnavanda og fjölskyldur þeirra á undanförunum áratugum, þ. m.t. að kanna afdrif barna telur forsætisráðuneytið skynsamlegri ráðstöfun, að svo stöddu, að verja tíma og fjármunum í brýnni aðgerðir. Að mati ráðuneytisins er mikilvægt að forgangsraða aðgerðum til framtíðar í þágu bættra og fjölbreyttari úrræða fyrir börn og ungmenni í vímuefnavanda, sem og fyrir fjölskyldur þeirra. Við þá forgangs röðun er horft

til þeirrar gagnrýni sem komið hefur fram á stuðning stjórnvalda við börn og ungmenni með vímuefnavanda og fjölskyldur þeirra.

Forsætisráðuneytið mun sjá til þess að umboðsmaður barna verði upplýst um framangreinda vinnu. Þá er ráðuneytið reiðubúið til frekara samtals um tillögu umboðsmanns barna að rannsókn á afdrifum barna sem vistuð hafa verið á vegum ríkisins í úrræðum skv. 79. gr. barnaverndarlaga.

Fyrir hönd ráðherra,


Ásthildur Valtýsdóttir


Sif Guðjónsdóttir